



FUNDARGERÐ

Yfirskrift / efni: 4. fundur stjórnar KLÍ, 2012-2013

Staðsetning: Skrifstofu KLÍ

Hvenær: Miðvikudagur 30.07.2012 kl. 18:30

Þátttakendur: Þórarinn Már Þorbjörnsson (ÞMP) formaður
Heiðar Rafn Sverrisson (HRS)
Linda Hrönn Magnúsdóttir (LHM) varamaður
Sigurbjörn St. Vilhjálmsson (SSV) starfsmaður KLÍ

Boðuð forföll: Höskuldur Höskuldsson (HH)
Guðmundur J. Kristófersson (GJK) varamaður
Karenina Kristín Chiodo (KKC) varamaður
Ólafur Páll Vignisson (ÓPV)
Ingi Geir Sveinsson (IGS)

Fjarverandi:

Fundarritari: HRS

Helstu mál: Fundargerð, Deildarkeppni, pantanir á brautum, nefndir KLÍ og önnur mál.

Dagskrá fundarins:

1. Fundargerð:

Athugasemd kom frá SSV, þar sem hann hafði boðuð forföll en það var ekki skráð í fundargerð og var það leiðrétt og aðrar athugasemdir bærust ekki og skoðast fundargerð því samþykkt með þeim breytingum sem gerðar voru.

2. Deildarkeppni KLÍ:

Rætt var um hvernig staðið verður að ákvörðun um val á heimavelli hjá Reykjavíkurlíðunum, vegna tilkomu Egilshallar. Með fundarboði fylgdu fjórar tillögur og var tillaga nr. 2 samþykkt.

“Tillaga 2

Takmörkun á heimavallar vali Reykjavíkurfélaga.

Reykjavíkurlíð úr hverri deild fyrir draga um valrétt um heimavöll Öskjuhlíð/Egilshöll. Í boði er pláss fyrir 1. Deild karla 4 pláss á hvorum stað. Í 1. Deild kvenna eru 5 pláss á hvorum stað og í 2. Deild karla eru í boði eru 2 riðlar og tveir leikdagar og 4 pláss á hvorum stað. Eigi líð fyrsta valrétt og velur Öskjuhlíð þá fær viðkomandi heimavöll í Öskjuhlíð. Líðið með annan valrétt velur Egilshöll og fær Egilshöll sem heimavöll og svo koll af kolli þar til kemur að því að öll pláss eru full á öðrum hvorum staðnum þá fær viðkomandi heimavöll á þeim stað þar sem laust pláss finnst þ.e. annað kvort Öskjuhlíð / Egilshöll.”

Ákveðið var að ÞMP boði formenn Reykjavíkurfélagana á fund þann 8.ágúst, þar sem dregið verður um valrétti.

3. Brautarpantanir:

ÞMP lagði fram pöntunareyðublað frá Keiluhöllinni til kynningar og sagði frá óskum Keiluhallarinnar um hvernig staðið skuli að pöntunum á brautum fyrir næsta leikár.

4. Nefndir KLÍ:

ÞMP fór yfir hvernig gengi að manna nefndir fyrir næsta vetur og eru nokkrar nefndir fullmannaðar en í aðrar vantar enn fólk og mun ÞMP halda áfram að vinna í þessu máli.

5. Önnur mál:

Ekkert var rætt undir liðnum önnur mál.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 19:40. Næsti fundur hefur ekki verið ákveðinn.